

Landsmót unglingabjörgunarsveita



Um 400 unglingar og umsjónaraðilar frá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu skemmtu sér í Snæfellsbæ yfir síðastliðna helgi þegar Landsmót unglingadeilda Landsbjargar fór hér fram. Bleikar peysur máttu sjá á hverju horni

en það var einkennisbúningur unglinganna um helgina og var gleðin allsráðandi. Þátttakendur á Landsmótinu gistu á Reynisvelli á Hellissandi og héldu þar kvöldvökur á kvöldin en á fimmtudag og föstudag unnu þau í stöðv-

avinnu þar sem þau æfðu sig í ýmissi færni tengdri björgunarstarfi. Á fimmtudeginum fengu þátttakendur blíðskapaveður en á föstudeginum var heldur napurt og blautt fyrri part dags og birti svo til og hélst gott fram yfir helgi. Það lét þó enginn smá rigningu stoppa sig og hlupu hundblautir hóparnir á milli stöðva með bros

á vör á meðan dropaði. Dagskráin var í höndum unglingadeildarinnar Dreka í Snæfellsbæ og Óskar í Búðardal og lukkaðist helgin stórvel. Björgunarsveitin Lífsbjörg ásamt öðrum sveitum á landinu mega státa sig af því öfluga unglingastarfi sem haldið er úti fyrir ungmennin.

SJ



Sími: 430 3700
www.fmis.is



Feðgin unnu Íslandsmeistaratitla

Þorsteinn Bárðarson hreppti á dögnum Íslandsmeistaratitlinn í Götuþjólreiðum. Íslandsmótið í Götuþjólreiðum fór fram sunnudaginn 29. júní í Hvalfirðinu og Kjós. Hjólaðir voru um 23 km frá Félagsgarði við Hvalfjarðarveg, um Kjós og endað aftur við Félagsgarð. Þorsteinn Bárðarson hefur verið að gera það gott í hjólreiðum og staðið sig vel í keppnum síðustu ár, innanlands sem utanlands, en þetta er hans fyrsti Íslandsmeistaratitill. Það þykir til mikilla tíðinda að Þorsteinn sé að landa sínum fyrsta titli um fimmtugt en hann segir að mikill agi og gríðarleg vinna liggja

að baki. Þorsteinn er þó hvergi nærri hættur og farinn að huga að næstu keppnum sem verða bæði innan landsteinanna og utan. Það var mikill fögnuður hjá fjölskyldu Þorsteins þegar hann sigraði Íslandsmótið en þó ekki síður þegar dóttir hans, Friðrika Rún Þorsteinsdóttir, fór með sigúr úr bitum í sínum aldursflokki og varð því Íslandsmeistari U15 kvenna. Þau feðginin héldu því heim með sinn hvorn Íslandsmeistaratitilinn en á meðfylgjandi mynd eru þau stolt með bikarana sína.

SJ



Davíð Svanur með demotónleika



Laugardagskvöldið 28. júní hélt Davíð Svanur Hafþórs-son tónleika í Frystiklefanum á Rífi. Davíð Svanur hefur verið að skrifa og semja tónlist síðan hann var 10 ára. Nú er hann á 20. aldursári og í tilefni þess að hafa unnið að tónlistinni sinni í um 10 ár bauð hann til tónleika. Um var að ræða svokallaða demo

tónleika þar sem hann leyfði tónleikagestum að heyra lög sem hann hefur unnið að síðustu tvö árin auk laga sem fólk þekkir frá því hann og Hjörtur Sigurðarson komu fram saman sem börn. Mikil ánægja var með tónleika Davíðs sem verða efflaust mun fleiri í framtíðinni.

SJ



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímappantanir í síma 436-1111

Sædís Rún á EM

Sædís Rún Heiðarsdóttir er mætt út til Sviss á sitt fyrsta stórmót með Íslenska kvennalandsliðinu þar sem hún keppir með liðinu á EM kvenna í fótbolta. Draumur hjá fótboldastelpu frá Ólafsvík er að rætast en Sædís spilar nú með noregsmeisturunum Vålerenga og á að baki 19 landsleiki með A landsliði kvenna. Hún kom ásamt kvennalandsliðinu út til Sviss laugardaginn 28. júní og eiga stelpurnar sinn fyrsta leik miðvikudaginn 2. júlí gegn Finnlandi. Í viðtölum má sjá að Sædís er virkilega glöð og stolt að hafa náð þessum árangri og á hún fullt erindi til Sam-



félagið í Snæfellsbæ stendur þétt við bakið á henni og munu leikir Íslands á EM verða sýndir á Sker á meðan mótinu stendur.

SJ



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Sjáumst í aðdraganda Ólafsvíkurvöku

Við bjóðum íbúum og fyrirtækjaeigendum í Ólafsvík og nágrenni að koma við og fá persónulega ráðgjöf og þjónustu tengda tryggingum. Ráðgjafar okkar verða á svæðinu dagana 2.–4. júlí frá kl. 9–16.

Verið öll hjartanlega velkomin.

Starfsfólk Sjóvá

Átthagastofa
Snæfellsbæjar,
*gengið inn á
hægri hlið hússins.*
Kirkjutúni 2
2.–4. júlí
kl. 09:00–16:00



Opnun á veg við Djúpalónssand

Laugardaginn 28. júní buðu Snæfellsjökulsþjóðgarður og Náttúruverndarstofnun til afmælishátíðar í þjóðgarðinum en þann 28. júní 2001 var hann stofnaður. Að því tilefni var boðið til formlegrar opunar á endurbættum Dritvíkurvegi. Fjölmennt var við opnunina en Ragnhildur Sigurðardóttir, þjóðgarðsvörður, hóf samkomuna á að bjóða gesti velkomna. Sigrún Ágústsdóttir, forstjóri Náttúruverndarstofnunar og Kristinn Jónasson, bæjarstjóri, ávörpuðu viðstadda áður en Jóhann Páll Jóhannsson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, hélt ræðu og klippti svo á borðann. Það voru þau Björn Jónsson, fyrrverandi rekstrarstjóri Vegagerðarinnar og Sigrún Ágústsdóttir sem aðstoðuðu Jóhann Páll við formlega opnun vegarins en að vígslunni lokinni voru veitingar bornar á borð og svo var áhugasömum boðið upp á gönguferð niður að Djúpalónssandi með hátíðarívaði.

Líkt og kom fram í síðasta tölublaði Jökuls komu Vegagerðin og Stafnafell að endurbótunum að veginum og er hann nú orðinn tvíbreiður. Með vaxandi bílaumferð um svæðið voru úrbættur á veginum orðnar aðkallandi og með þessari breytingu verður mun minna um umferðateppur við þennan vinsæla áningastað. SJ



Orkumótið í Eyjum



Orkumótið í Eyjum var haldið í 42. skiptið um liðna helgi. Alls tóku 108 lið þátt frá 36 félögum víðs vegar af landinu. Í heildina voru um 1100 keppendur, þjálfarar og fararstjórar sem tóku þátt í mótinu. Mótið er fyrir drengi sem eru á eldri ári í 6. flokk. Snæfellsnes átti eitt lið á mótinu og skemmtu sér allir mjög vel. Á hverju ári eru efnilegir leikmenn valdir í lið sem spila svokallaða landsleiki á mótinu. Landslið og pressulið mótsins mætast þá og skapast mikil stemming meðal þátttakenda. Leikmaður Snæfellsness, Pétur Pétursson var



valinn í Pressuliðið og spilaði hann leik á móti landsliðinu á föstudagskvöldið.

JJ

Leikskólabörn skoðuðu sjúkrabíla



Sumardagskráin á leikskólum Snæfellsbæjar hefur verið fjölbreytt og skemmtileg. Á dögum heimsóttu árgangar 2019 og 2020 á Krílakoti heilsugæsluna þar sem Patryk sjúkraflutningamaður leyfði þeim að skoða sjúkrabíla. Þau fengu að skoða allskyns tæki og tól tengd sjúkraflutningum og svo fengu þau sem vildu að leggjast á sjúkrabörurnar. Þau börn sem lögðu í

það fengu að kynnst því hvernig er að ferðast í og úr sjúkrabílnum á borunum. Þegar þessari skemmtilegu heimsókn var lokið fengu öll börnin buff merkt 112. Þá fór Patryk yfir hvað 112 stendur fyrir og hvert skal hringja í neyð, fór hann yfir í hvaða númer skal hringja ef við lendum í neyð. Leikskólinn og börnin voru afar ánægð með þessa heimsókn og þakka kærlega fyrir sig.

SJ

Vegna sumarleyfa kemur Bæjarblaðið Jökull ekki út í vikum 28 - 32.

Fyrsta tölublað eftir sumarfrí kemur út 14. ágúst.



Hringrás vatnsins - kynningarferðir

Í byrjun júní heimsótti teymi frá Þjóðháttadeild Þjóðminjasafnsins í Gdansk menningarstofnanir á Íslandi sem hluti af verkefninu „Hringrás vatnsins – kynningarferðir“. Íslenskir samstarfsaðilar verkefnisins eru Norska húsið – Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla, Vatnasafnið og Síldarminjasafn Íslands á Siglufirði. Samstarfsaðili Pólverja er Myndlistarakademían í Gdansk.

Kynningarferðin er fyrsta skrefið í átt að því að byggja upp sam-eiginlegan vettvang fyrir listsköpun og rannsóknir á milli þessara stofn-

ana. Sem hluta af verkefninu hyggst Þjóðminjasafnið í Gdansk bjóða ungum listamönnum tengdum Myndlistarakademíunni að skapa hljóð- og myndræn verk innblásin af náttúru, landslagi, þjóðlegri menningu, menningararfi og hefðbundinni handverkshefð beggja landa – Póllands og Íslands. Verkefnið mun sérstaklega beina sjónum að þessum þáttum í samhengi við loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á staðbundið umhverfi og menningarhefðir.

Sýningarnar verða staðbundnar og hannaðar fyrir ákveðin rými í ís-

lenskum og pólskum menningarstofnunum og byggðar á hljóð- og myndrænni framsetningu. Sköpunarferlið verður þróað undir listrænni handleiðslu Þjóðháttadeildarinnar í samstarfi við íslensku samstarfsaðilana. Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla mun miðla þekkingu og safnkosti er tengist hefðbundnum sjósóknaraðferðum, auk þess að styðja við söfnun frásagna og vitnisburða um siði tengda sjósjókn – í nútíma og fortíð. Einnig að styðja við söfnun munnlegra heimilda og frásagna um hefðir og siði sem tengjast sjómennsku, bæði nú og áður fyrr.

Meginþema verkefnisins – vatn og umhverfisbreytingar af völdum loftslagsbreytinga – verður táknræn og hugmyndafræðileg brú milli landanna tveggja. Þjóðháttadeild Þjóðminjasafnsins í Gdansk býr yfir viðtækri reynslu af alþjóðlegum verkefnum sem samþætta menningararf og hnattræn samfélagsmál. Á árunum 2021–2023 framkvæmdi

deildin verkefnið „Shelter – Climate, Migration, Heritage“, með fjármögnun European Economic Area Financial Mechanism 2014–2021 og frá pólska menningarmálaráðuneytinu. Deildin vinnur reglulega með samtímalistamönnum og nýtir innsæi þeirra og næmni til að varpa nýju ljósi á viðfangsefni rannsókna, menningar og fræðslu.

Verkefnið miðar að því að hefja langtímasamstarf og menningarsamskipti milli Íslands og Póllands. Vonir standa til að þetta verði upphafið að áframhaldandi þróun og að verk ungra pólskra listamanna frá Myndlistarakademíunni í Gdansk verði fljótlega aðgengileg Íslendingum.

Verkefnið „Hringrás vatnsins – kynningarferðir“ er unnið með stuðningi frá KULTURA INSPIRACJA 2025–2026 og fjármagnað af menningaráðuneyti Póllands. Sendiráð Póllands í Reykjavík er heiðursverndari verkefnisins.

Hótel Vest Mar opnar

Opnunarhátíð Hótel Vest Mar verður fimmtudaginn 3. júlí þar sem gestum og gangandi stendur til boða að skoða allar týpur af herbergjum hótelsins við Ólafsbraut 19.

Systkinin Lilja og Arnar keyptu hótelið núna í vor ásamt fjölskyldum sínum og tóku við því 1. maí síðastliðinn. Helmingur hótelsins var strax tekinn í yfirhalningu og var frænka þeirra Edda Sif innanhúsráðgjafi fengin í verkið. Það var í mörg horn að líta og verkefnið búið að vera afar skemmtilegt og lærdómsríkt. Leitað var til Antons Jónasar Illugasonar til að gera vörumerki fyrir nýtt hótél og fengum við afar skemmtilega og vel framsetta kynningu um sögu rekstursins í húsnæðinu, sem verður til sýnis á opnuninni.

Öll herbergi hótelsins hafa þó verið endurnýjuð að einhverju leiti og keypt voru gæða rúm frá versluninni Vest svo fari vel um gestina okkar.



Við vonumst til að geta bætt við þjónustuna á svæðinu og fengið brottflutta Snæfellsbæinga til að kíkja heim aftur í góðan mat og enn betri gistingu.

Nú höfum við bætt við morgunverðarhlaðborði á Sker Restaurant sem verður opið öllum alla daga vikunnar frá kl. 8:00-10:00 - tilvalið í góðu veðri að setjast á veröndina á bakvið með morgunbollann.



Komið að skuldadögum



Ný ríkisstjórn tók við stjórnartamunum með skýrt leiðarstef; að rjúfa kyrrstöðu og hefja sókn við uppbyggingu innviða. Við stöndum frammi fyrir mikilli áskorun, enda blasir við vegakerfi sem hefur setið á hakanum um árabil.

Vegakerfið er ein stærsta eign íslenska ríkisins og nauðsynlegt að halda því við. Nýleg dæmi eru um að slitlag hafi hreinlega gefið sig og Vegagerðin neyðst til að grípa til þess örþrifaráðs að fræsa upp klæðningu sem orðin var hættuleg öikumönnum.

Viðbótarframlag - strax

Ríkisstjórnin hefur samþykkt að veita þriggja milljarða króna viðbótarframlag til viðhalds á vegakerfinu á þessu ári. Þannig bregðumst við strax við brýnustu þörfinni. Það jafngildir um 25% aukningu miðað við meðalframlög síðustu ára. Þetta er yfirlýsing um breytta forgangsröðun stjórnvalda.

Þessi fjárveiting skiptist í tvo meginflokka; annars vegar í styrkingu burðarlaga vega og hins vegar í endurnýjun slitlaga. Auk þess verður sérstaklega farið í malbikun á þekktum blæðingarköflum. Öll verkefni sem Vegagerðin ræðst í strax í sumar voru tilbúin til útboðs en hefðu ekki farið af stað á þessu ári nema með ákvörðun um aukafjárveitingu.

Hvert fer viðbótarframlagið?

Verkefnin dreifast um allt land. Á Vesturlandi og Vestfjörðum munum við ráðast í fjölmörg verkefni. Þar má nefna viðgerðir á Vestfjarðarvegi, Barðastrandarvegi, Útnesvegi og Bíldudalsvegi, þar sem íbúar hafa lengi kallað eftir úrbótum. Á Suðurlandi verður farið í endurbætur á Laugarvatnsvegi og á Norðurlandi verða teknir fyrir kaflar á Hringveginum, til dæmis í Ljósavatnsskarði, auk þess sem ráðist verður í endurbætur á Hólavegi í Hjaltadal. Þar er umferðarpungi mikill og slysatíðni há. Landsmót hestamanna verður haldið á Hólum í Hjaltadal sumarið 2026 og því mikilvægt að vegurinn sé vel undirbúinn. Á Austurlandi verður einnig ráðist í mikilvægar endurbætur á Hringveginum. Loks verður farið í malbikun á nokkrum þekktum blæðingarköflum, svo sem í Bakkaselsbrekku í Öxnadal.

Sókn til framtíðar

Vegfarendur munu strax taka eftir sýnilegum umbótum á vegakerfinu. Miðað við gildandi fjármálaáætlun fyrir árin 2026-2030 er gert ráð fyrir enn frekari sóknarleik. Aukið fjármagn er meðal annars tilkomið vegna breytinga á útreikningi veiðigjalda sem nú eru til umræðu á Alþingi. Áætlað er að árleg hækkun framlaga eingöngu til viðhalds muni nema allt að 5,5 milljörðum króna. Þetta jafngildir um 45% aukningu frá því sem verið hefur. Ég vonast til þess að landsmenn upplifi þegar í stað jákvæða breytingu og finni að nú er sleginn nýr tónn í mál efnum innviða á Íslandi. Við ætlum okkur að gera betur. Við eigum að gera betur.

Höfundur er Eyjólfur Ármannsson, Innviðaráðherra.

Slysaþætta ferðamanna



gangbrautir yfir þjóðveginn. Varla þarf að taka fram að mjög vaxandi starfsemi er sunnan við veginn þar sem Tröð, Sjóminjasafnið, Þjóðgarðsmiðstöðin, tjaldstæðið og fót-boltavöllurinn eru, allt áhugverðir staðir sem við erum mjög stolt af.

Og svo er það á Arnarstapa, ég fullyrði að Stapavegurinn frá útnesvegi og niður á höfn sé einhver almesta slysaöldra sem fyrirfinnst í bæjarfélaginu. Þar er ekki spurning hvort, heldur hvenær þar verður alvarlegt slys, það verður erfitt að kenna gangandi vegfarendum um og bera við heimsku eða þekkingarleysi. Ég hef sjáfur orðið að henda mér til hliðar við göngu í kantinum og tel mig samt þokkalega upplýstan um hætturarnar. Þarna ber yfirvöldum að bregðast við, ekki með því að hver bendi á annann, veghaldarinn og bæjaryfirvöld, heldur með því að viðurkenna ástandið og hefjast sameiginlega handa við úrbætur. Meðfylgjandi mynd var tekin á Arnarstapa á þriðjudag en þá var umferð með rólegasta móti.

Hinsvegar tel ég skyldu mína að vekja athygli íbúa og yfirvalda í Snæfellsbæ, og hjá Vegagerðinni á þá augljósu hættu sem gangandi vegfarendum, innlendum sem erlendum stafar af göngustígaleysi á tveim stöðum í bænum. Annarsvegar á Útnesvegi þar sem hann fer í gegnum Helliissand en þar vantar göngustíga meðfram þjóðveginum og

Ég hef fulla trú á að yfirvöld fari á fullt í þessi mál enda hafa þau sýnt það að göngustígar eru víða til mikillar fyrirmyndar hjá okkur, meðal annars meðfram sjónum í þéttbýinu og milli bæjarhverfanna Helliissands, Rífs og Ólafsvíkur.

Þór Magnússon.



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggtillit- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Skotthúfan í Stykkishólmi

Skotthúfan 2025 þjóðbúninga-hátíð Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla fór fram laugar-daginn 28.júní. En í ár átti hátíðin 20 ára afmæli.

Dagskráin var fjölbreytt og meðal annars voru í boði svokallaðar smiðjur, þar sem gestir hátíðarinnar gátu lært að kveða og lært þjóðdansa. Í Tang og Riis var Heimilisíðnaðarfélag Íslands með farandsverzlun og kynntu hina skemmtilegu handverksaðferð knlip. Í vinnustofu Tang og Riis sem er í kjallaranum var boðið upp á kaffi og kransaköku fyrir gesti á þjóðbúning og þar mátti sjá sýningu Ingibjargar H. Ágústsdóttur Mæðgur.

Í Sjávarborg og Æðarsetrinu var einnig boðið upp á þjóðlegar veitingar og setti hátíðin skemmtilegan svip á miðbæinn í Stykkishólmi. Í Byggðasafni Snæfellinga og Hnappdæla var kynning á skotthúfu Frú Auðar Laxness og þar var einnig sýning á ljósmyndum frá hátíðinni undanfarin 20 ár ásamt þjóðbúningum úr eigu safnsins.

Um kvöldið var svo blásið til



kvöldvöku á Hótel Fransiskus, þar sem meðal annars var farið í skemmtilega þjóðbúningaspurn-ingakeppni.

Hátíðin hefur stækkað með ári hverju og fer sá hópur ört vaxandi sem komið hefur sér upp íslenskum þjóðbúning.

Ljósmyndir tók Bæring Nói Dagsson.



Víkingur átti góða viku

Í Fótbolti.net bikarnum tóku Víkingar á móti Elliða á Ólafsvíkuvelli 25. júní. Leikurinn byrjaði vel þegar Ingólfur Sigurðsson smelti boltanum í mark mótherjanna strax á 4. mínútu. Leikurinn var svo heldur rólegur fram að 63. mínútu þegar Kwame Quee skoraði. Boltinn fór þá að rúlla og átti lið Víkinga fjögur mörk til viðbótar það sem eftir var af leiktímanum. Ingólfur Sigurðsson skoraði þrennu í leiknum en auk marks hans í byrjun leiktímans átti hann eitt á 70. mínútu og annað á 88. mínútu. Kwame Quee átti markatvennu í leiknum og bætti öðru við á 85. mínútu og heimamaðurinn Ingvar Freyr Þorsteinsson skoraði á 75. mínútu eftir innkomu í seinni hálfleik. Staðan var því 6-1 fyrir Víkingum og mun liðið taka á móti Reyni Sandgerði í næstu umferð bikarsins. Víkingar fengu ekki langan hvíldartíma á milli leikja en fjórum dögum seinna heimsótti liðið Kára upp

á Akranes í 2. deild Íslandsmóts KSÍ. Liðið var þá undir stjórn Arons Gauta Kristjánssonar eftir að Brynjar Kristmundsson fékk rautt spjald í síðasta leik Víkinga í Íslandsmótinu. Leikmenn Víkinga voru greinilega í góðum gir eftir velgengni í leiknum fjórum dögum fyrr og héldu áfram að raða inn mörkum. Luis Alberto Diez Ocerín átti tvö mörk í fyrri hálfleik, á 21. og 37. mínútu svo að staðan var 0-2 á leið í hálfleik. Fljótlega eftir að leikurinn hófst aftur, á 51. mínútu átti Luke Williams mark og á 65. mínútu kom Kári boltanum fram hjá Jóni Kristni, markverði Víkinga og minnkaði muninn í 1-3. Ivan Lopez Cristobal skoraði síðasta mark leiksins á 78. mínútu og endaði staðan þá 1-4 fyrir Víkingum. Víkingar sitja þá í 6. sæti deildarinnar og munu taka á móti Dalvík/Reyni á laugardegnum á Ólafsvíkuvöku, 5. júlí klukkan 16:00.

SJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Tap hjá Reyni

Reynir H. átti leik á móti liðið Skallagríms í 5. deild karla síðastliðinn mánudag. Reynismenn mættu til leiks með vel skipað lið og eldmód en það dugði ekki til. Í fyrri hálfleik tókst Skallagrími að skora fjögur mörk og bætti svo

við sex mörkum í seinni hálfleik. Reynir situr því ennþá á botni deildarinnar með engin stig eftir sjö leiki. Næsti leikur er á móti Létti á ÍR-vellinum þann 7. júlí klukkan 20:00.

JJ

ÓLAFSVÍKURVAKA 2025

Dagskrá

3. júlí	Fimmtudagur
	Bæjarbúar fegra bæinn með hverfalitunum. Verðlaun verða veitt fyrir best skreytta hverfið á brekkusöngnum á laugardagskvöld.
11:00	Barnastund Þjóðgarðsmiðstöðin á Hellissandi
12:00	Opnunarhátíð
14:00	Hótel Vest Mar
16:30	Sandkastalagerð og grillaðir sykurpúðar - Mæta með áhöld til kastalagerðar - Verðlaun fyrir flottasta sandkastalann Fjörinni við Ólafsvík
18:00	Fjölskyldudiskó í umsjón Ungmennaráðs Snæfellsbæjar Íþróttahúsið í Ólafsvík
19:00	Miðnætursund
22:30	Í samstarfi við Svæðisgarðinn - Ís, óáfengur mojito og freyðite - Lifandi tónlist Sundlaugin í Ólafsvík
4. júlí	Föstudagur
09:00	Barre Burn, skráning hjá CF SNB CF SNB
10:00	WOD, skráning hjá CF SNB CF SNB
13:00	Krakkakrossfit, í umsjón CF SNB - 6–15 ára Sparkvöllurinn í Ólafsvík
13:00	Fræðsluganga á Malarriði Gengið að Lóndröngum Snæfellsjökulsþjóðgarður
14:00	Skákmót, í umsjón Taflfélags Snæfellsbæjar - 16 ára og yngri Áttahastofan
15:30	Á augabragði, sýningaropnun Þjóðgarðsmiðstöðin á Hellissandi
17:30	Dorgveiðikeppni, í umsjón SjóSnæ - Grillveisla eftir keppni Norðurgarðurinn
19:00	BMX Brós Planið hjá Fiskmarkaði Íslands
20:30	Setningarhátíð - Trúbadorarnir Bóas og Lilja - Kaldur á krana í Kaldalæk Sjómannagarðurinn

Sérstakar þakkir
AJ-S
Ari Tannlæknir
B Vigfússon
Bárður SH 81
Bjartsýnn ehf Brynja SH
Breiðavík
Deloitte
Fiskmarkaður Íslands
Fiskmarkaður Snæfellsbæjar

5. júlí	Laugardagur
08:30	Barre Burn, skráning hjá CF SNB CF SNB
09:30	WOD, skráning hjá CF SNB CF SNB
10:00	Golfmót, í umsjón GJÓ - 9 holur, ræst út af öllum teigum Fróðárvelli
11:30	Regnbogahlaup fyrir alla fjölskylduna Sjómannagarðurinn
12:30	Snæfellsásinn, í umsjón Sólarports - 16–100 ára aldur - Sæsteinatök, bíladráttur og bóndaganga - Skráning hjá Sólarport Löndunarbrýggjan í Ólafsvík
13:00	Fræðsluganga á Malarriði Gengið að Lóndröngum Snæfellsjökulsþjóðgarður
14:00	Hátíðardagskrá - Júlí Heiðar - Andlitsmálning, sápukúlufjör og blöðrudýr - Brúðubíllinn - Sælgætissala á vegum yngri flokka UMF Vikings/Reynis - Pakkatombóla Lionsklúbbsins Ránar, Ólafsvík - Kökusala Kvenfélags Ólafsvíkur Sjómannagarðurinn
16:00	Víkingur vs Dalvík/Reynir
18:00	UMF Víkingur/Reynir grillar hamborgara Ólafsvíkurvöllur
18:00	Hverfagrill
20:00	Skrúðgöngur úr öllum hverfum sem sameinast í Sjómannagarðinum
20:30	Brekkusöngur í boði Sjóvá - Verðlaun veitt fyrir sandkastalakeppni og best skreytta hverfið - Stúlkabandið Mæk - Kaldur á krana í Kaldalæk Sjómannagarðurinn
22:30	Dansleikur í Refihöllinni - Í samstarfi við Sker restaurant - Babies flokkurinn leikur fyrir dansi og hefja leika á slaginu 23:00 18 ára aldurstakmark

Guðmundur Jensson SH 717
Hafnarsjóður Snæfellsbæjar
Hampiðjan
JE Bílverk
Landsbankinn
Lista og menningarnefnd Snæfellsbæjar
Litla Lón Egill SH
N1
Sjoppan
Sker restaurant

Opnunartími fyrirtækja

4. júlí	5. júlí
Apótek Vesturlands 25% afsláttur af snyrtivörum	10:00 17:00
Gallerí Jökull	11:00 17:30
Gestastofan á Malarriði	10:30 16:30
Gilbakki kaffihús	11:00 17:00
Himinbjörg Listhús Kraftur í formi, Jo Klei	12:00 18:00
Hraðbúðin	10:00 18:00
Matarlist	11:30 22:00
Sjóminjasafnið Hellissandi	11:00 17:00
Sjoppan	09:00 23:00
Sker Restaurant Morgunverðarhlaðborð til 10:00	08:00 21:30
Sóley saumar	11:00 15:00
Sundlaugin í Ólafsvík	07:30 21:00
Útgerðin	12:00 18:00
Verslunin Hrund	14:00 18:00
Verslunin Kassinn	09:00 20:00
Vinbúðin	13:00 19:00
Þjóðgarðsmiðstöðin á Hellissandi	09:30 17:00

Miðasala

Forsala miða á ballið á Sker 3.–5. júlí
Miðaverð:
4.000.- kr forsala
5.000.- kr við hurð

Snæfellsbær
Steinprent
Steinunn SH
Sveinbjörn Jakobsson SH
TS Vélaleiga
Valafell
Verkalýðsfélag Snæfellinga
Verslunin Kassinn
Vest mar hótel
Við hafið

3.–5. JÚLÍ